

Nr. 21-118 S 075 Gullhólmi SH 201***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2911
Útgerð: Gullhólmi ehf.
Smíðaður: Seigla, 2015, trefjaplast.
Stærð: 29,91 BT.
Mesta lengd: 13,66 m Skráð lengd: 13,15 m
Breidd: 5,58 m Dýpt: 2,38 m
Vél: Yanmar, 556,0 kw, 2015
Fjöldi skipverja: 4



Gullhólmi © Rikharður Rikharðsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. nóvember 2021 var línuskipið Gullhólmi SH 201 á siglingu frá Rífi. Veður: SV 7-8 m/s.

Á siglingunni kom viðvörðun frá vélarúmi og var mikill reykur í vélarúminu. Skipverjar lokuðu rýminu, ræstu slökkvikerfið og óskuðu eftir aðstoð. Björgunarskipið Björg kom á staðinn og dró Gullhólma til hafnar á Rífi. Í ljós kom að ekki hafði verið eldur í vélarúminu en mikill reykur.

Við rannsókn kom fram:

- að samsetning á púströri frá ljósavél, sem var í gangi, var ópétt og pústaði út í vélarúmið;
- að alternatorinn, sem var reimdrifinn af aðalvélinni, snerist ekki og mynduðu reimarnar á honum mikinn reyk en ein þeirra var slitin;
- að við skoðun var alternatorinn ekki brunninn heldur fastur og legurnar í honum ónýtar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að skipverjar hafi brugðist rétt við með því að loka vélarúminu og ræsa slökkvikerfið.